

# Ósýnileiki kvenna í afbrotum – hvers vegna – er bilið að minnka milli kynjanna?

Helgi Gunnlaugsson  
Prófessor í félagsfræði við HÍ

Landsfundur jafnréttisnefnda  
Iðnó, Reykjavík  
18. september 2014

# **Freda Adler (1975)– *Sisters in Crime – The Rise of the New Female Criminal***

- Fyrsta bókin í afbrotafræði sem sérstaklega tók fyrir hlutdeild kvenna í afbrotum
- Adler spáði því að með vaxandi áhrifum og atvinnuþátttöku kvenna í samfélaginu myndu konur fremja afbrot til jafns við karla á sama hátt og jafnstöðu á öðrum sviðum samfélagsins væri náð
- Hefur spádómur Adler gengið eftir?



MARIE DEAN ARRINGTON

# Tíðni og tegundir afbrota eftir kyni

- Konur fremja að jafnaði ekki nema um 10 - 30% af öllum afbrotum þegar skoðaðar eru opinberar afbrotaskýrslur. Hlutfallið er breytilegt eftir brotaflokkum.
- Mikill munur á tegundum afbrota milli kynjanna. Glæpsamlegt athæfi kvenna tengist yfirleitt minni háttar auðgunarbrotum eins og hnupli og þjófnaði, skjalafalsi eða brotum án þolenda eins og vændi og fíkniefnaneyslu.
- Karlar eru hins vegar ráðandi í alvarlegum ofbeldisglæpum, meiri háttar auðgunarbrotum, og ekki síst í viðskipta- og pólitískum glæpum.
- Um 90% manndrápa á Íslandi framin af körlum.

## Fangelsi og kynin

- Fangelsistölur eru mjög lýsandi veruleiki fyrir þann mun sem er á glæpastarfsemi kynjanna.
- Sem dæmi má nefna að hér á landi eru að jafnaði um 5 - 8 konur á hverjum tíma í fangelsi á móti um 160 körlum.
- Í dag 18. sept 2014 eru þrjár konur í fangelsi (2 í Kópavogi og 1 á Kvíabryggju + 4 á Vernd.
- Hlutföllin eru ekki ósvipuð erlendis.

## Neysla kannabis á Norðurlöndum eftir kyni um síðustu aldamót

- 23% karla og 15% kvenna prófað kannabis á Íslandi
- 36% karla og 24% kvenna prófað kannabis í Danmörku
- 10% karla og 7% kvenna prófað kannabis í Finnlandi
- 9% karla og 8% kvenna prófað kannabis í Noregi
- 14% karla og 11% kvenna prófað kannabis í Svíþjóð
  
- 2013 á Íslandi: 28% karla prófað og 10% kvenna – munurinn aukist milli kynjanna

# Reynsla kynjanna sem þolendur ofbeldis (2005)


- Mun fleiri karlar en konur sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi eða hótun um ofbeldi á síðustu fimm árum eða um 21% karla og 12% kvenna
- Mun algengara að karlar þekki ekki ofbeldismanninn en konur – árársaraðili mun oftast nákominn konunni en hjá karlinum
- Karlar tilkynna ofbeldið oftast til lögreglu en konur

## Afstaða kynjanna á Íslandi til afbrota (2013)

- Ekki mikill munur milli kynjanna nema í afstöðunni til kynferðisbrota og efnahagsbrota
- 41% kvenna töldu kynferðisbrot mesta vandamál afbrota hér á landi en 32% karla
- Áður sýndi þolendamæling að 9% kvenna höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á síðustu fimm árum en aðeins 1,4% karla – árið 2005



# Hlutfall þeirra sem segist mjög eða frekar óöruggur einir á gangi að næturlagi...



## Hvers vegna fremja karlar fleiri afbrot en konur? Spurning um ólíkt atferli kynjanna eða ólík viðbrögð samfélagsins?

- Eru konur slóttugri en karlar? Kemst síður upp um brot kvenna?
- Eru karlar svo miklir heiðursmenn að þeir vilja ekki bendla konur við afbrot? Taka jafnvel á sig sökina til að forða konum frá því að vera dæmdar?
- Veigra lögregla eða dómarrar sér við að handtaka eða dæma konur fyrir afbrot?
- Meira hugsað um konur sem mæður en karla sem feður þegar dæmt er til vistar í fangelsi?
- Eru konur meira aðstoðarmenn í afbrotum en karlar?

## Skýringar á muninum

- Lítið því til fyrirstöðu að kynin bæði séu jafn mikið í afbrotum – engin líffræðileg hindrun fyrir því að konur fremji afbrot til jafns við karla – en gera það ekki. Hvers vegna?
- Fræðimenn staldrað við félagslegar, sálrænar og menningarlegar skýringar frekar en líffræðilegar – félagsmótun kynjanna er ólík.
- Eru konur yfirfélagsmótaðar? Karlar undir- eða vanfélagsmótaðir?

## Gamlar hugmyndir um kynin lífseigar

- Ólík hlutverk karla og kvenna í samfélaginu og þá um leið mismunandi félagslegt taumhald á kynjunum.
- Sjálfsmynd kvenna meira tengd móður- og umönnunarhlutverkinu en sjálfsmynd karla?
- Mega karlar rasa meira út en konur?
- Ábyrgð kvenna á börnum og heimili í för með sér að þær rækta með sér öðruvísi siðferðiskennd en karlar?
- Konur færari um að halda aftur af sér þótt tækifæri gefist til glæpsamlegs afhæfis?

## Hvað ber framtíðin í skauti sér?

- Jafnstaða karla og kvenna í afbrotum einsog Freda Adler spáði 1975?
- Þýðir það ekki **skálmöld** ef konur fremja brot í sama mæli og karlar í dag?
- Eða **draumasamfélag** ef karlar fara að hegða sér einsog konur?

# Áhugaverð þróun afbrota síðustu 10-20 ár á Vesturlöndum

- Afbrotum tilkynnt til lögreglu hefur fækkað mikið á síðustu áratugum – fyrst í BNA, síðan Evrópu og svo Norðurlöndum – og nú síðustu ár líka hér á landi
- Ef þróunin eftir kyni er skoðuð sést að fækkunin er mest hjá körlum en lítil hjá konum
- Bilið milli kynjanna er því að minnka – karlarnir eru farnir að líkjast konum! Þótt enn sé langt í land..
- Skýringar á fækkuninni er auðvitað spennandi viðfangsefni – en það er efni í annað erindi!